

Yfirlýsing um sjálfbærniáhættu



1. Upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærniáhættu

- 1.1. Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni (e. sustainability risk, hér eftir „sjálfbærniáhættu“) sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar sem gæti haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Skjali þessu er ætlað að lýsa því hvernig Fossar fjárfestingarbanks hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“) vinna að innleiðingu á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvvarðanaferli og fjárfestingarráðgjöf bankans. Vinna við innleiðingu stendur yfir og neðangreindir starfshættir hafa því ekki verið innleiddir að fullu.

2. Greining á sjálfbærniáhættu

- 2.1. Greining á sjálfbærniáhættu verður unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og mun fara fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin eða ráðgjöf veitt. Aðferð við mat á sjálfbærniáhættu verður breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.
- 2.2. Greining bankans mun ná yfir hinum ýmsu birtingarmyndir sjálfbærnihættu á einstaka fjárfestingar. Bankinn hugar m.a. að áhrifum raunlægrar áhættu (e. physical risk), þ.e. áhættu sem stafar beint af loftslagsbreytingum, og umbreytingaráhættu (e. transition risk), þ.e. áhættu vegna breytinga á lögum, viðmiðum eða aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar, á virði og/eða ávoxtun fjárfestingarkosta.
- 2.3. Innleitt verður verklag sem veitir Fossum aðgang að viðunandi upplýsingum til greiningar á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferlinu eða áður en ráðgjöf er veitt. Upplýsingar eru, eftir atvikum, sóttar frá utanaðkomandi greiningarfyrirtækjum til fyllingar innra mati bankans. Við mat á sjálfbærniáhættu stakra verðbréfa verður framkvæmd greining á því hvernig sjálfbærniáhættu getur haft áhrif á vöruna. Greiningin mun byggja, eftir atvikum, á fyrirliggjandi upplýsingum um útgefandann, upplýsingum sem er aflað frá útgefanda og/eða upplýsingum frá utanaðkomandi greiningaraðilum. Við mat á sjálfbærniáhættu sjóða verður gerð áreiðanleikakönnun innan Fossa á því hvernig viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki horfir til sjálfbærniáhættu í fjárfestingum sínum fyrir hönd sjóðsins. Skorti nauðsynlegar upplýsingar verður kallað eftir viðeigandi upplýsingum frá sjóðsstýringarfyrirtækinu.

3. Samþætting sjálfbærniáhættu við fjárfestingarráðgjöf og töku fjárfestingarákvvarðana

- 3.1. Á grundvelli ofangreindrar greiningar á sjálfbærniáhættu munu Fossar framkvæma sjálfstætt mat á því hvernig sjálfbærniáhættu getur haft áhrif á virði eða ávoxtun þeirrar fjárfestingar sem um ræðir hverju sinni. Mat á áhrifum sjálfbærniáhættu á virði eða ávoxtun fjárfestingar



verður loks borin saman við fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, áður en endanleg fjárfestingarákvörðun er tekin eða fjárfestingarráðgjöf veitt.

- 3.2. Sjálfbærniáhætta þarf ekki að koma í veg fyrir fjárfestingu eða ráðleggingar um að fjárfesta í fjármálagerningi með slíka áhættu. Viðeigandi ráðstafanir vegna óásættanlegrar sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosts eru breytilegar eftir atvikum og eðli áhættunnar. Á meðal þeirra ráðstafana sem Fossar geta gripið til er að fjárfesta ekki í eða mæla ekki með vöru, minnka vægi vörurnar í eignasafni, eiga viðræður við útgefendur, veita útgefendum aðstoð við að lágmarka áhættu, beita virku eignarhaldi til að tryggja að gripið verði til tilhlýðilegra ráðstafana, o.fl.
- 3.3. Framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Fossa ber ábyrgð á yfirlýsingu þessari.

29. apríl 2024